

Fundur 7.11.2022 Katrín Thoroddsen

Góða kvöldið, komið þið sælir.

Gott kvöld og velkomin.

Þykir mér gott að segja frá því að framför hafa orðið á minni tilveru frá því síðast og eru sífelld fleiri atriði sem ég er að fræðast um og vekja hjá mér forvitni og fann ég frá ykkur góða strauma síðast og hygg ég að þið hafið mælt satt um það að trúna beri að hafa í sambandi við vísindi og fræði ýmis.

Er ég hér komin á betri stað á mínum hnetti og er hér sólarupprás og er hún stöðug og hef ég lagt stund á býsna margt sem ég sinnti ekki um lengi og hefur það orðið mér mjög til heilla og hef ég jafnvel aftur farið út í það að lækna og hefur það aukið mér orku og magnan og hefur það hjálpað mér að komast á hina réttu leið og fyrirgefa sjálfri mér og öðrum.

Og er ég nú tilbúin að ala börn og er búin að fá lækningu á andlegum og líkamlegum hindrunum í þá veru og er það mikið framfara skref en enn á ég þó eftir að treysta hinu kyninu nægilega til að það gangi fullkomlega en hygg ég að það fari nú að lagast og hefur mér verið sagt að gott framlíf bíði mín að þessu loknu, þar sem mikil þörf sé á konum eins og mér í framfara störf þau sem lúta að leiðréttingu gamalla kenninga og koma fólki á lífstefnu brautina sem ekki var á lífstefnu brautinni áður.

Vil ég segja frá því sérstaklega sem er mér svo ofarlega í huga að fannst mér það vera englar sem lyftu mér upp af jörðinni og fluttu mig yfir á þetta morgunland og er ekki mjög langt síðan það var.

Er ég enn á sama hnettinum en hefði ég ekki getað flutt mig yfir þessa vegalengd nema fyrir tilstilli þessa dásamlega fólks sem hjálpaði mér svo mikið og magnaði og flutti mig á þennan stað, því ekki eru hér flugvélar eins og eru á gömlu jörðinni eða slík farartæki.

Og er mér sagt að þetta fólk hafi komið sólarhliðum hnattarins og stundi það að hjálpa okkur sem erum á vítishliðum hnattarins og að ég sé á loka metrum minnar framfara göngu í átt til ljósins hliðar og muni ég brátt taka meiri farmförum.

Og er ég ekki hissa á því að flestir af þeim sem lenda í slíkri upplifjun telji það vera engla og trúarlega upplifun en verð ég þó að taka það fram að ekki er fólk þetta með vængi, heldur ljómar það eins og ljósapera sem ekki mjög skært ljós hefur en þó ljómar af og gat það lyft mér upp af jörðinni og flutt mig yfir á þennan stað.

Og eru þar margar hindranir í veginum að við komumst, eru þar múrar og vegatálmar og glæpaflokkar og villidýra hópar og ýmislegt sem varnar manni að komast yfir ýmis landamæri og meira um gjósandi eldfjöll og slíkt.

Þurfti ég nokkrum sinnum að sofna á ferðalaginu á meðan erfiðustu hindranirnar var komist yfir og er ég nú komin á leiðarenda og er ég í sama líkamanum en er hann farinn að hressast að nýju og er það mikil bót.

Já ég hyggst predika önnur fræði þegar ég kemst í aðstöðu til þess að tala fyrir hópi manna og tjá mig um mína æfi og lýsa minni upplifun og hyggst ég lýsa því alveg skilmerkilega að hægt er að fá lífgeislalækningu við rangri kynhneigð og síst af öllu má deyða börn í móðurkviði sem eru varnarlaus.

Katrín Thoroddsen.

*Vertu velkomin Katrín og þakka þér fyrir þessa merkilegu frásögn þína.*

*Gaman að heyra framhaldið hjá þér.*

Já þakka ég fyrir.

*Þannig að þetta tvennt er ástæðan fyrir því að þú lenntir á þessum stað?*

Já það er víst ekki hægt að neita því, en það eru hér góðar manneskjur og margir sem hjálpa og segja þau að ég eigi eftir að láta margt gott af mér leiða í framtíðinni og verða þær fróðlegar sögurnar þegar þar að kemur og hef ég hlustað á margar mjög áhrifaríkar sögur þannig að maður tárast yfir þeim, af fólki sem hefur verið hjálpað hér á þessum hnetti.

*Getur þú sagt okkur um samkynhneigðina í framlífi, hvernig er lítið á hana?*

Ja, það eru víst mörg ólík samfélögin og víða þar sem það kemst ekki upp og verður ekki gert refsivert fyrr en af einhverjum tíma liðnum en það er hægt að segja að það eru ekki allir á eitt sáttir um það og ég komst í kynni við kristilegt fólk og aðra sem hjálpuðu mér og svo einnig vísindalega sinnað fólk og það tók mig tíma að átta mig á þessu, að finna sökina hjá sjálfri mér og vilja breytast og batna og var það það eina sem þurfti um leið og vilji minn til að breytast og batna, þá fór þetta allt á rétta leið.

En það er ekki hægt að segja að ég hafi verið tilbúin að hlusta á þær raddir fyrst þegar ég kom á þennan hnött.

Og var bardagi á milli kvenna og karla eins og ég eins og ég stefndi á í framlífi mínu og hef ég áhyggjur af því að þannig sé nú ástandið á jörðinni ykkar einnig og gerði ég mér ekki grein fyrir því að hverju ég stefndi í framlífi.

En þú spyrð hvort það sé algengt að fólk sé, sðurningin var?

Það var raunverulega varðandi samkynhneigðina, hvort að allir væru læknaðir í framlífi af henni eða hvort hún væri viðurkennd?

Ja, já ég vil gjarnan fá svar við þessu sjálf, en

*Mér fannst setningin þín í fyrsta sambandinu við okkur svo góð, eftir að ég kynntist ástinni, þá þurfti ég ekki lengur að hata hitt kynið.*

Já já það gerðist hér áður en ég kom hingað og held traustum böndum við þann aðila.

Já það er nú einmitt málið að það þarf að snúa við af þeirri braut sem maður er á og ég er nú hrædd um að þetta sé vandamál hjá mörgum hjá ykkur einnig. En það er einnig á þessum hnetti sem fólk er ósammála um þetta, en ég get kannski komið að því síðar.

Það sem mér finnst mikilvægt að segja núna er það að í æsku minni voru vinnumenn og húsbændur sem fóru illa með konur og vakti það hjá mörgum konum og mér meðtalinni, reiði og óánægju og hef ég heyrt að Jahve hafi notað þá reiði til þess að ná tökum á mannkyninu gamla og er mikilsvert að kvenréttindin verði þannig að þau snúist um réttláta skiptingu starfa og hlutverka en ekki hefnd fyrir það sem liðið er.

Get ég ekki sagt þetta betur að sinni, er mér mikið niðri fyrir og er ég ekki búin að komast út úr öllum mínum erfiðleikum enn þá, en er ég hér á mikilli framfara leið og mun ég gjarnan hafa samband við ykkur síðar og segja frá þessu betur.

Verið þið sæl og óska ég ykkur allra heilla.

Verið þið sæl.

*Þakka þér fyrir komuna og vertu velkomin aftur.*

*Vertu blessuð og gangi þér vel.*

Takk fyrir.

